

34 — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um eptirlaun prestsekkju.* — 15. marz. Stiptyfirvöldin hafa með heiðruðu brjefi 9. þ. m. sent mjer bónarbrjef frá ekkju sira Jóns Norðmanns á Barði í Skagafjarðarsýslu, um að fá tiltölulegan hluta, t. d. þriðjung, af varphólma, er prestsetri þessu fylgir (Barðshólma), til afnota æfilangt, af því að maður hennar sálugi hafi með miklum tilkostnaði aukið svo æðarvarp í hólma þessum, að nú fáið af honum 12—16 pd af hreinsuðum æðardún, í staðinn fyrir 2 pd, er hann kom að brauðinu 1849, — og læt jeg stiptyfirvöldunum hjer með tjáð það er nú skal greina, til þókn-anlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðanda.

Með því að ekkju-pensión sú, er beiðanda ber af brauðinu, er ákveðin samkvæmt tilskipun 15. desbr. 1865, 5. grein, og eigi verður lagt á brauðið eða prestinn, sem nú er skipaður í það, neitt gjald í þessu skyni um fram hið lögákveðna, verður þæn þessi eigi veitt. Eigi sje jeg mjer heldur fært að aðhyllast tillögur stiptyfirvaldanna og veita beiðanda endurgjald af fje því, er í 15. gr. fjárlaganna er ætlað til eflingar verklegra fyrirtækja, með því að fje þetta er eigi veitt í því skyni, að það skuli haft í verðlaun eða endurgjald fyrir búnaðarframkvæmdir, er gjörðar hafa verið á löngu tímabili, og þannig, að tilkostnaðurinn hefir annars vegar eigi verið of vaxinn mætti hlutaðeiganda, og hefir á hinn bóginn fengizt endurgoldinn að öllu eða miklu leyti með auknum arði meðan á verkinu stóð eða undir eins og því var lokið, svo sem ætla má að átt hafi sjer stað um verk það, er hjer ræðir um, eptir því sem stiptyfirvöldin láta í ljósi, — heldur í því skyni, að því sje varið til að styrkja menn svo, að þeim verði fært að koma fram kostnaðarsömum fyrirtækjum, sem að öðrum kosti mundi eigi framgengt verða, eða eigi er að búast við að borgi sig fyr en eptir langan tíma; og til þess að hvetja menn til slíkra fyrirtækja.

35 — *Brjef ráðgjafans yfir Íslandi til landshöfðingja um greiðslu á prests* 9. jan. *skyldu.* — Með þóknanlegu brjefi 16. nóvbr. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bónarbrjef frá sóknarpresti Reynistaðarklausturs, síra M. Thorlacius, um, að prestskylda sú, er honum ber af klaustrinu, og hingað til hefir verið borguð honum að helmingi í smjöri og hinn helmingurinn í eingirnissökkum, verði eptirleiðis goldin honum í peningum eptir meðalalin verðlagsskrár, og getið þess, að biskupinn hafi mælt með beiðni þessari, skírskotað til þess, að áþekkt leyfi hafi verið veitt, að því er snertir nokkur klaustrabrauð önnur, og lagt það til, að þænin verði veitt, þannig, að áminnzt breyting á greiðslu umgetinnar prestskyldu öðlist gildi í næstu fardögum.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, meðal annars fyrir hlutaðeigandi endurskoðanda, að tillögur yðar eru hjer með samþykktar.

EMBÆTTASKIPAN M. FL.

Hinn 5. f. m. setti landshöfðingi praktíserandi lækni A. Tegner til þess að gegna hjerads-lækniss törfum í 5. læknishjæraði (Barðastrandarsýslu, að frá skilinni Flateyarsókn, Reykhólasveit og Garpsdalssókn) frá 1. þ. m. fyrst um sinn þangað til fengist álit sýslunefndarinnar þar að lútandi.

ÓVEITT EMBÆTTI

Sandfell í Örafum í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi, met. 223 krónur 85 aura; auglýst 30. jan. þ. á. Veitist brauð þetta fyrir 31. ágúst þ. á., og verði presturinn farinn að þjóna því samsumars, fier hann 400 kr. uppbót á ári úr landssjóði.

HEIÐURSMERKI OG NAFNBÓT.

Hinn 23. f. m. hefir hans hátign konunginum allramildilegast þóknast að söma Ásgeir alþingismann Einarsson á Þingeyrum í Húnavatnssýslu heiðursmerki dannebrogsmanna, og s. d. að gjöra proprietair Ara Arason á Flugumýri í Skagafjarðarsýslu að kanseliráði með lögtign í 7. flokki nr. 1.